

Mánudaginn 2. mars 1998.

Nr. 79/1998.

M

(Sigríður Logadóttir hdl.)

gegn

Félagsmálastofnun Reykjavíkur

(enginn)

Kærumál. Lögræðissvipting. Sjálfræði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. febrúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 1998, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að sóknaraðili yrði sviptur sjálfræði. Kæruheimild er í 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984, sbr. 1. mgr. 87. gr. lögræðislaga nr. 71/1997. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur, en um þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti fer svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila, Sigríðar Logadóttur héraðsdómslögmanns, vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti, 20.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 1998.

Ár 1998, miðvikudag 21. janúar, er lagður svohljóðandi úrskurður á lög-ræðismálið nr. 40/1997: Beiðni Félagsmálastofnunar Reykjavíkur um, að M verði sviptur sjálfræði, í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari úrskurðar málið.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 14. þ. m., hefur Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar höfðað með beiðni, dags. 28. nóvember sl., mótttekinni og þingfestri s. d., um, að M, f. 1937, með lögheimili að ..., Reykjavík, verði sviptur sjálfræði með vísan til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 68/1984, sbr. 79. gr. laga nr. 92/1991 og a-lið 1. mgr. 3. gr. s. 1. vegna geðsjúkdóms.

Málið var tekið fyrir 9. þ. m. og varnaraðila kynnt krafan, sem hann andmælti.

Varnaraðila hefur verið skipaður verjandi. Krefst verjandi þess, að hafnað verði kröfu sóknaraðila. Varnaraðili telur ósannað, að hann sé ófær um að ráða persónulegum högum sínum vegna geðsjúkdóms, og staðhæfingu sóknaraðila þar að lútandi örökstudda. Til að maður verði sviptur grundvallarmannréttindum, þurfi ríkar ástæður. Sóknaraðili verði að sýna fram á með óyggjandi hætti, að varnaraðili sé ófær um að ráða sér sjálfur og að nægilega ríkar ástæður séu til sjálfræðissviptingar, en það hafi ekki tekist. Ekki eigi að grípa til svo róttæktrar réttindaskerðingar, nema allar aðrar leiðir séu ófærar.

Sóknaraðili kveður varnaraðila, sem hafi verið metinn 75% öryrki, hafa notið fjárhagsaðstoðar stofnunarinnar á árunum 1984 til 1989.

Samkvæmt læknisvottorði lagðist varnaraðili inn á geðdeild Kleppsspítala 7. nóvember sl., en hann hefur frá 1966 margsinnis verið vistaður á geðsjúkrahúsi vegna aðsóknargeðklofa, og er hann talinn haldinn miklum og vaxandi ranghugmyndum, sem lyf vinni ekki á, algerlega innsæislaus og ekki fús til samvinnu um lyfjatöku. Dómgreind er sögð alvarlega biluð og raunveruleikaskyn mjög skert. Sjúklingurinn er sagður haldinn verulegri byrjandi heilabilun vegna mjög slæmrar truflunar á blóðrás til heila. Að sögn lækni er varnaraðili ekki sambýlishæfur vegna slæmrar umgengni og sóðaskapar og illskettur í garð ættingja sinna. Hann er sagður ekki geta sinnt athöfnum daglegs lífs, hvergi eiga höfði sínu að að halla og þarfnast nokkurra mánaða dvalar á lokaðri geðdeild og síðan langvistunar á videigandi stofnun. Læknir mælir með sjálfræðissviptingu. Hefur hann borið vitni fyrir dóminum og staðfest vottorð sitt. Ætlað er, að varnaraðili vistist til langframa að Ási í Hveragerði.

Lögð hefur verið fram skrifleg aðilaskýrsla varnaraðila, og hann hefur gefið munnlega aðilaskýrslu. Skriflega skýrslan er upptalning á kvikmynda-handritum, sem varnaraðili kveðst hafa skrifað, og stutt lýsing á efni hvers þeirra. Fram hefur komið, að varnaraðili telur sig heimsfrægan höfund kvikmyndahandrita og sjúkdómslýsingar læknisins rangar. Hann segir ekkert ama að sér annað en afleiðingar afleits fæðis. Hann kveðst vera fæddur með þeim annmarka að geta ekki sent frá sér heilastorm.

Með skýrslum læknisins, sem hafa stöð í því, sem fram hefur komið af hendi varnaraðila í málinu, þykir sannað, að varnaraðili sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi og heilabilun, sem veldur því, að hann er ekki fær um að sinna persónulegum högum sínum á viðunandi hátt. Þar sem varnaraðili virðist ekki geta gert sér grein fyrir sjúkdómsástandi sínu og meðferðarþörfum, verður ekki talið, að vægari úrræði en lögræðissvipting geti komið að haldi. Ber því samkvæmt a-lið 1. mgr. 3. gr., sbr. e-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 68/1984, að fallast á kröfu sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, M, skal sviptur sjálfræði frá uppkvaðningu úrskurðar þessa. Málskostnaður, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila, Sigríðar Logadóttur héraðsdómslögmanns, 60.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
